



Til: jon@skipulag.is, "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>  
Efni: Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði- matsáætlun  
Upplýsingar: Sent: 12-06-2019 14:38:30 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019050045, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019050045

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 24. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar ríkisins um tillögu að matsáætlun fyrir snjóflóðavarnir á Seyðisfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að matsáætlun. Með hliðsjón að hlutverki Náttúrufræðistofnunar og umfangi, eðli og staðsetningu framkvæmdarinnar gerir stofnunin ekki athugasemd við matsáætlunina.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Í mati á umhverfisáhrifum er mikilvægt að skoða áhrif framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

